



Reykjavík, 20. apríl 2026

USK25030046

## UMSÖGN VIÐ TILLÖGU

**Viðtakandi:** Umhverfis- og skipulagsráð

**Sendandi:** Skipulagsfulltrúi

---

Á fundi umhverfis- og skipulagsráðs, dags. 5. mars 2025, var lögð fram svohljóðandi tillaga fulltrúa Sjálfstæðisflokksins:

Ljóst er að óhæfilegur dráttur hefur orðið á vinnslu málsins. Um er að ræða mikilvægt öryggis- og rekstrarmál vegna umferðarstjórnunar á og við flugvöllinn. Jafnframt verði skoðað hvort hægt sé að gera umhverfislistaverk úr mastrinu.

Tillögunni var vísað til umsagnar, umhverfis- og skipulagssviðs, skipulagsfulltrúa. 12. mars 2025.

### Umsögn:

Fyrirspurn Isavia ohf. var svarað með umsögn skipulagsfulltrúa 27. febrúar 2025, USK23070192

Virðingarfyllt,  
Brynjar Þór Jónasson  
*Umvhverfis- og skipulagssvið*  
*Skipulagsfulltrúi*

Umsögn skipulagsfulltrúa 27.02.2025



**Reykjavík**

## FYRIRSPURN - Reykjavíkurflygvöllur / Mastur

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa dags. 15. ágúst 2023 var lögð fram fyrirspurn Isavia innanlandsflugvalla ehf., dags. 18. júlí 2023, ásamt bréfi, dags. 13. júlí 2023, um að setja upp 30 m hátt myndavélamastur fyrir fjarturn á Reykjavíkurflygvelli. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar verkefnastjóra og er nú lögð fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa.



Aðalskipulag Reykjavíkur 2040



Hluti deiliskipulags Reykjavíkurflygvallar



Úr skipulagsreglum Reykjavíkurflygvallar

## Skipulag í gildi

**Aðalskipulag:** gildi er Aðalskipulag Reykjavíkur 2040, samþykkt í borgarstjórn Reykjavíkur þann 19. október 2021 og birt í B-deild stjórnartíðinda þann 18. janúar 2022. Samkvæmt landnotkun gildandi aðalskipulags er framkvæmdasvæðið innan opins svæðis (OP6).

**F** ÞJÓNUSTA VIÐ FLUGSTARFSEMI:  
Þjónustustærfermi við flugstarfsemi s.s. hláðþjónusta, veitingþjónusta, viðhald og smíð varðveislu loftfara og eldriþjónusta, ásamt byggingum fyrir slíka starfsemi.

**G** ALMANNAFUG-EINKAFUG:  
Flugstarfsemi sem fyrst og fremst er stundað árangrunnar vegna eða til að alla frekari réttinda og ekkert endurgjald er tekið fyrir, ásamt tilheyrendi byggingum fyrir slíka starfsemi. Það teki jafnframt einkafug af málur fjgur í langsum við starf silt og hefur ekki hagræð af rekstri loftfarans né lær sérstaklega greitt fyrir að stjórna því (hláðþjónusta veita véla sem veita mál í flugörðum er 16 m). Þar sem gert er ráð fyrir slíku starfsemi er einnig heimilt að geyma vélar sem notaðar eru í atvinnuskýri og reka þjónustu við flugvélar s.s. viðhald, smíð og rektur en ekki er heimilt að afþreya farþega í slíkum svæðum, reka hláðþjónustu eða veitingþjónustu nema annar flokkur heimil þjó. Heimilt er að geyma bytur á þessum svæðum með leyfi flugvaktastjóra.

**H** ALMANNAFUG-FLUGSKÓLAR:  
Flugstarfsemi sem felst í kennslu til þeirra sem afi vilja sér flugþjónustutíðinda, ásamt tilheyrendi byggingum fyrir slíka starfsemi.

**Deiliskipulag:** Í gildi er deiliskipulag Reykjavíkurflygvallar, staðfest í B-deild Stjórnartíðinda þann 28. apríl 2016. Á umræddu svæði undir mastrið er gert ráð fyrir byggingarreit undir flugskýli.

**Skipulagsreglur Reykjavíkurflygvallar:** samþykkt af samgönguráðherra þann 23. júlí 2009, staðfest í Lögbirtingarblaðinu þann 7. ágúst 2009. Umrætt svæði undir mögulegar staðsetningar mastursins er merkt F, G, og H, sjá nánari útlistun til vinstri.

## Umsögn

Óskað er eftir skipulagslegri afstöðu skipulagsfulltrúa varðandi staðsetningu og í framhaldinu leyfi til uppsetningar á 30 metra háu myndavélamastri undir fjarturn fyrir flugumferðarstjórn á Reykjavíkurflygvelli. Ráðagerð þessi er í anda þróunar sem hefur átt sér stað á Norðurlöndum og annarstaðar í Evrópu að nýta sér myndavélar og upplýsingabúnað sem nær 360-gráðu-hring svo fjarstýra megi flugvöllum með fullkomnu öryggi, líkt og stendur í greinargerð sem fylgdi erindinu. Gert er ráð fyrir að framtíðaraðstaða flugumferðarstjóra og stýring flugumferðar verði í Flugstjórnarmiðstöðinni við Nauthólsveg (Isavia ANS) en núverandi flugturn er mjög illa farinn vegna rakaskemmda.

Ekki skal dregið í efa kostir slíks útbúnaðar og fyrirkomulags við nútíma flugumferðarstjórn. Hægt verður m.a. að sjá lengra og glegggra í afleitu skyggni með aðstoð hugbúnaðar en hefðbundið gluggaútsýni úr turni býður upp á. Innbyggt í kerfin verður svokölluð persónuverndarskygging eða „maski“ (e. privacy mask, sjá mynd að neðan) sem hylur nálæga íbúabyggð og flugumferðarstjóri getur ekki afvirkjað.



Stungið er upp á tveimur staðsetningum A og B við Skýli 4 skv. greinargerð, sjá mynd að neðan:

- Bílastæði
- Flugvélastæði

Ljóst er að mastrið fellur utan svæðis B sem er lagt undir opinbera flugstarfsemi samkvæmt skipulagsreglum flugvallarins. Það er hinsvegar áleitin spurning hvort mastur undir myndavélar og tækjabúnað geti ekki verið staðsett við eða á áætluðum byggingareit undir flugskýli þar sem sjálft eftirlitið og öll ákvarðanatáki mun fara fram utan flugvallargirðingar í starfsstöðvum Isavia ANS við Nauthólsveg.



Með greinargerðinni fylgdu með myndir frá mismunandi sjónvinklum til að sýna fyrirferð mastursins í borgarlandslaginu. Öðugt er að sjá að stærð og umfang mastursins hafi bein neikvæð áhrif á borgarinnréttinguna. Þó væri mjög æskilegt að efnt yrði til samkeppni um útlit turnsins innan borgarmyndarinnar, að formgerð eða strúktúr, áferð og jafnvel hóflega upplýst mastrið t.d. í lit eða litum, gæti bætt umhverfisgæði og ásýnd flugvallarsvæðisins og næsta nágrennis, jafnvel til muna, án þess að skerða rekstrarhæfi og öryggi flugumferðar.

Ekki er gerð skipulagsleg athugasemd við mögulegar staðsetningar mastursins (A og B) verði það reist á annað borð. Breyta þarf deiliskipulagi með auglýsingu svo koma megi fyrir nýjum afmörkuðum byggingarreit undir mastrið og ákvarða hæðakóta. Vinna þarf tillöguna áfram og farið fram á að með henni fylgi full vindafarsgreining á áhrifum mastursins á umhverfi og aðrar aðstæður á flugvellingum sem og fornleifaskráning verði kannaðar.

Vakin er athygli á að fyrirspurn um afstöðu skipulagsfulltrúa til erindis byggir á innsendum gögnum og verður ekki lögð að jöfnu við formlega umsókn og svar í slíku tilfelli getur eðli máls samkvæmt ekki talist stjórnvaldsákvörðun. Afgreiðsla skipulagsfulltrúa á fyrirspurnum felur því ekki í sér lokaákvörðun og veitir ekki heimild til framkvæmda.

### Niðurstaða

- Kanna verður með rannsóknum hvor staðurinn hentar betur undir mastur með tilliti til umhverfisaðstæðna.
- Marka verður byggingarreit undir mastrið með tilliti til niðurstaðna rannsókna.
- Lagt er til að útlit og formgerð jafn áberandi mannvirkis í borgarinnréttingunni verði ákvarðað í samkeppni.
- Vinna þarf tillögu að deiliskipulagsbreytingu sem verður auglýst berist umsókn.

**Skipulagsfulltrúinn í Reykjavík**